

## 6. fundur Deltadeildar

Fundarstaður og tími: Hótel Vesturland, Borgarnesi 21. maí 2024 kl. 17:30-20:30

Orð til Umhugsunar: Valgerður Janusdóttir

Erindi: Árný Elíasdóttir

Aðalfundur

### 1. Fundarsetning

Halldóra Jónsdóttir formaður kveikti á kertum og setti fund. Hafði síðan nafnakall og fór yfir fundargerð síðasta fundar.

### 2. Orð til umhugsunar

Valgerður Janusdóttir flutti orð til umhugsunar og fjallaði hún um reiði. Mjög áhugaverð umfjöllun um reiði og ýmsar birtingarmyndir reiðinnar.

### 3. Erindi

Gestur fundarins var Árný Elíasdóttir landssambandsforseti DKG. Erindi hennar fjallaði um samtökin og markmið þeirra. Hvað samtökin geta gert fyrir okkur, nefndi t.d. sjóði sem félagskonur geta sótt í náms- og ferðastyrki. Einnig geta konur utan samtakanna sótt um styrki sér til menntunar. Í síðari hluta erindi síns fór Árný yfir helstu niðurstöður könnunarinnar frá því í nóvember s.l.. Að loknu erindinu voru umræður. Formaður færði Árnýju rós og þakkir fyrir erindið og heimsóknina til deildarinnar.

### 4. Hreyfistund

Eftir þessi áhugaverðu erindi Valgerðar og Árnýjar – og áður en aðalfundur hæfist dreif Guðlaug Sverrisdóttir konur í hreyfingu. Kenndi okkur dans sem hún sagði að fyrsti og annar bekkur í Grundaskóla hefði verið fljótir að læra. Við stigum danssporin af miklum móð undir frábærri stjórn hennar og settumst svo glaðar niður við aðalfundarstörfin. Alltaf gleði og fjör hjá Gullu.

### 5. Aðalfundur

5.1 Kosning fundarstjóra. Formaður tilnefndi Jónínu Eiríksdóttur og var það samþykkt.

5.2 Kosning fundarritara. Formaður sagðist taka það að sér og var það samþykkt.

5.3 Skýrsla stjórnar – Halldóra Jónsdóttir flutti skýrsluna. Skýrslan er birt óstytt með fundargerð.

5.4 Umræður um skýrsluna og hún samþykkt.

5.5 Skýrsla gjaldkera og ársreikningar. Sóley gjaldkeri kynnti skýrsluna og sagði m.a. að kostnaður hefði aukist við fundi, þar sem oftast en áður verður að leigja fundaraðstöðu. Aftur á móti hafa tekjur vegna happdrættis aukist.

5.6 Umræða um ársreikning og hann samþykktur.

5.7 Árgjald ákveðið – Fráfarandi stjórn leggur til að gjald til deildar hækki um kr. 1.000, þ.e. úr kr. 2.000 í kr. 3.000. Verði samtals kr. 13.000. Gjald til DKG óbreytt, kr.10.000. Hækkur gjaldsins samþykkt.

5.8 Kosning skoðunarmanna ársreikninga. Guðlaug Sverrisdóttir og Brynja Helgadóttir bjóðast til að vera áfram og samþykktu fundarkonur þá tilhögun með lófaklappi.

5.9 Kosning nýrrar stjórnar, 2024-2026 – Formaður uppslillingarnefndar Jónína Erna Arnardóttir gerði grein fyrir störfum nefndarinnar (Jónína Erna, Elsa og Valgerður) og lagði fram svofellda tillögu að stjórn Deltadeildar næsta kjörtímabil, 2024-2026:

Ný stjórn Deltadeildar fyrir 2024-2026

#### **Theodóra Þorsteinsdóttir formaður**

Félagi frá 2002, var í stjórn fyrst árið 2010-2014 sem meðstjórnandi og verður svo formaður 2014-2016.

#### **Sigurveig Sigurðardóttir (Síví) ritari**

Félagi frá 1997, hún varð formaður 2006-2008 og svo ritari núna 2022-2024.

#### **Inga Dóra Halldórsdóttir meðstjórnandi**

Félagi frá 2022 og kemur fersk inn í starfið.

#### **Jónína Erna Arnardóttir meðstjórnandi**

Félagi frá 2012 Meðstjórnandi í stjórn 2018-2020 og formaður 2020-2022.

#### **Sóley Sigurþórsdóttir gjaldkeri**

Sóley hefur verið í Delta frá 2008 og gjaldkeri frá 2014 og sem betur fer heldur hún áfram- Vel gert Sóley!

Vefarinn okkar hún **Ásta Egilsdóttir** byrjaði 1999 í Delta og var meðstjórnandi í stjórn 2000-2004. Hefur undanfari ár verið vefari og það er frábært!

Tillagan er lögð fram í samráði við og með samþykki viðkomandi félagskvenna.

Stjórnin var kjörin með lófaklappi viðstaddra. Stjórnin á eftir að skipa varaformann.

5.10 Kosning þriggja í uppstillingarnefnd – Fundarstjóri kynnti: Það er hefð hjá okkur að fráfarandi stjórn skipi uppstillingarnefnd, nema sú sem heldur áfram í nýrri stjórn. Samkvæmt þessu munu næstu uppstillingarnefnd skipa: Halldóra Jónsdóttir, Elísabet Jóhannesdóttir og Valgerður Janusdóttir, stjórnarkonur í stjórn 2022-2024. Nefndin var kjörin með lófaklappi viðstaddra.

5.11 Fundarslit. Halldóra formaður sleit aðalfundi og þakkaði Deltasystur fyrir góða mætingu á fundum og ánægjulega samvinnu á allan hátt. Þakkaði fyrir þeirra góða starf við undirbúning funda og val á fundarefni. Fráfarandi formaður bað fyrir kærar þakkir til allra Deltakvenna.

## 6. Önnur mál.

Gömul skjöl Deltadeildar hafa verið varðveitt í Héraðsskjalasafni Akraness en æskilegt er að varðveita öll skjöl DKG og deilda í Kvennasögusafni. Halldóra Jónsdóttir hafði samband við Héraðsskjalasafnið og bað um leiðsögn. Niðurstaðan er á þesa leið:

Söfnin hafa sammælt um að skjölin verða áfram í Héraðsskjalasafninu, yrðu svo lánuð í millisafnaláni ef til þess kæmi. Kvennasögusafnið hefur þegar fengið skjalaskrár Delta deildarinnar. Halldóra taldi rétt að færa þetta í fundargerð þar sem samtökin fagna 50 ára afmæli á næsta ári.

Jónína Eiríksdóttir ræddi um vor-og haustfréttabréfin og sagðist sakna þess að fá þau ekki útprentuð. Taldi að færri læsu þau fyrir vikið og þau þá lægju ekki frammi á vinnustöðum, sem er góð kynning á samtökunum. Árný þakkaði fyrir góða ábendingu.

Að lokum fékk gamla stjórnin rósir fyrir vel unnin störf og nýrri stjórn var óskað velfarnaðar. Theodóra nýr formaður tók við kössum sem fundarbúnaði en myndataka af nýrri stjórn verður að bíða, þar til allar í stjórn eru samankomnar á fundi.

Yfir ljúffengum kvöldverði voru seldir happdrættismiðar og var Sigrún Jóhannesdóttir sú sem fékk vinninginn.

Gleðilegt sumar.

Halldóra Jónsdóttir ritaði fundargerð.

### **Skýrsla stjórnar 2022-2024.**

Ný stjórn tók til starfa 1. júní 2022, undir formennsku Halldóru Jónsdóttur. Aðrar í stjórn voru Elísabet Jóhannesdóttir varaformaður, Sigurveig Sigurðardóttir ritari og Valgerður Janusdóttir meðstjórnandi. Sóley Sigurþórsdóttir var kosin áfram gjaldkeri og Ásta Egilsdóttir vefstjóri.

Í stjórnartíð stjórnar voru 4 deildarfundir fyrra starfsárið og 6 síðara árið að meðtöldum aðalfundi. Félagskonur eru 25 og fjölgaði ekki á tímabilinu og er brýnt að bæta úr því. Góð mæting var á fundina eða á bilinu 8-15 konur.

Stjórnarfundir voru reglulega (6 fundir) og þar skipulagt vetrarstarfið. Formaður og varaformaður sóttu Framkvæmdaráðsfund DKG 17. September 2023 og var sá fundur mjög gagnlegur fyrir nýjan formann.

Fyrsti fundur haustið 2022 var haldinn í október á Laxárbökkum og þar flutti fyrirlestur Dóra Líndal Hjartadóttir tónmenntakennari og handverksskona, búsett í Hvalfjarðarsveit. Dóra er hætt kennslu vegna aldurs en situr alls ekki auðum höndum. Það sem vakti athygli okkar á Dóru er að hún er mikil handavinnukona og er að gera margt spennandi með ullina, fer ótroðnar slóðir. Jensína Valdimars-dóttir flutti Orð til umhugsunar. Erindi hennar var á persónulegum nótum. Starfslok eru framundan og 50 starfsævi að ljúka. Átta konur mættu á fundinn.

Næsti fundur, í nóvember, var heimsókn til Háskólans á Bifröst, þar sem Margrét J. Njarðvík rektor tók á móti okkur og sagði frá starfsemi skólans. Margrét byrjaði sitt erindi á að segja

frá nánnum tengslum sínum við Borgarfjarðarhérað. Hún fór síðan yfir sögu og samfélagslega þýðingu skólans áður en hún sagði frá núverandi starfsemi hans og markmiðum. Eftir mjög áhugavert erindi Margrétar var fundi slitið og haldið að Hraunsnefi þar sem var borðað. Jónína Eiríksdóttir flutti orð til umhugsunar og þar leiddi hún hugann að stöðu flóttafólks frá Úkraínu sem á sér skjól á Bifröst og hvernig við Íslendingar tökum á móti þeim. Það var góð fundarsókn, 15 konur mættu.

Þriðji fundurinn var ráðgerður í Reykholti í byrjun desember en var felldur niður vegna veðurs.

Á vormánuðum 2023 voru tveir fundir auk þess sem stjórnin hvatti félagskonur að fjölmenna á landssambandsþing DKG í maí.

Fyrri fundurinn var í febrúar, haldinn á Garðavöllum á Akranesi. Átta konur mættu. Það er hefð hjá Delta deild að fyrsti fundur ársins er bókafundur. Í nóvember voru valdar tvær bækur úr jólabókaflóðinu til umræðu. Jónínu Ernu var falið að stýrða umræðum sem að þessu sinni var um bækurnar *Hamingja þessa heims* eftir Sigríði Hagalín Björnsdóttur og *Álfadalur* eftir Guðrúnu J. Magnúsdóttur.

Einnig hafði Sigrún Jóhannesdóttir ætlað að vera með erindi á febrúarfundinu í léttum dúr um DKG, en vegna ófærðar á Kjalarnesi komst Sigrún ekki á fundinn og erindinu frestað. Orð til umhugsunar flutti Gunnhildur Björnsdóttir. Orð hennar voru á persónulegum nótum. Hún sagðist hafa tileinkað sér úr föðurgarði ljóðlínu úr ljóði eftir Vilhjálmi Vilhjálmsson (Villa Vill): "Allt hið góða í heimi haldi í hönd á þér og með þér sé". Að lokinni hefðbundinni dagskrá var borðaður góður matur sem kokkur hússins sá um.

Fjórði fundur var í mars. Fundurinn var haldinn í húsnæði Skóla-og frístundasviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12 og hófst kl 17:30, eins og venja er með fundi Delta deildar. Þar tóku á móti okkur Soffía Vagnsdóttir félagi í Kappa deild, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu og Guðrún Edda Bentsdóttir landssambands forseti. 13 konur mættu á fundinn. Í upphafi fundar las formaður fréttir frá Landsambandinu m.a um ráðstefnu í Finnlandi á komandi sumri. Þess má geta að ein Delta kona sótti ráðstefnuna, Sigrún Jóhannesdóttir.

Þá var komið að erindi Soffíu Vagnsdóttur sem nefndist “forvitni-sköpun-mennska”. Þar fjallaði hún um óttann við breytingar sem hefði svo áhrif á hvernig horft væri til framtíðar. Það væri mikilvægt að breyta hugarfari og í stað þess að líta á framtíðina með ótta og áhyggjum þá að líta á hana sem afl til breytinga og umgjörð um spennandi tækifæri. Sigrún flutti síðan orð til umhugsunar. Nefndi hún þau: Breytingar framfarir? Hún sagðist ekki vera jafn viss og Soffía um að allar breytingar væru framför. Að loknum fundarstörfum í Borgartúninu snæddum við kvöldverð á tælenska veitingastaðinn Ban Tai.

Gyða Bergþórsdóttir ein af stofnfélögum og heiðursfélagi Delta deildar dvelur á Dvalarheimilinu Höfða. Halldóra og Elísabet heimsóttu Gyðu í marsmánuði 2023 og færðu henni rósir og kveðjur frá Deltadeildinni. Ári síðar heimsóttu nokkrar félagskonur hana í tilefni af 95 ára afmæli hennar þann 6. apríl 2024 og færðu henni rósir og þakkir fyrir frábæra samfylgd, gefandi og leiðandi.

Á stjórnarfundum þann 1. mars 2023 var ákveðið að breyta til á síðara starfsári stjórnarinnar á þann veg að fela undirbúning fundar félagskonum. Taka upp skipulag eins og tíðkaðist hér áður að þær sem búa á sama svæði verði falinn undirbúningur fundar í samvinnu við stjórnina.

Á Landsambandsþing DKG í Hveragerði 13.-14. maí 2023 fóru sex Delta konur. Þar með lauk starfsárinu 2022-2023.

### **Síðara starfsár stjórnar 2023-2024.**

Formaður sótti framkvæmdaráðsfund þann 1. september 2023. Mjög gagnlegur fundur, fróðleg erindi og gaman að hitta forustuna og aðra formenn deilda.

Á stjórnarfundum Delta 4. sept var lögð drög að starfsáætlun fyrir veturinn og ákveðið þema starfsársins: Farsældarfrumvarpið/ lögin, menntamál, við sjálfar, hvernig viljum við hafa starfið í vetur. Þrír fundir voru á fyrri hluta starfsársins og þrír á síðari hlutanum að meðtöldum aðalfundi.

Fyrsti fundurinn var haldinn í Bragganum v/Nauthólsveg í september 2023.

Efni fundarins var í höndum Sigrúnar Jóhannesdóttur. Erindi sitt nefndi hún: “Hvað viljum við fá út úr Delta Kappa Gamma?” Eftir fróðlegt erindi setti Sigrún fundarkonur í 4 hópa, 3 í

hvern hóp þar sem við áttum að ræða hvernig við getum eftt samtökin og af hverju við erum í þessum félagsskap. Orð til umhugsunar var í höndum Halldóru sem ræddi meðal annars um það hvort við værum of einsleitur hópur. Þá kom fram á fundinum að Nýdeildin á Norðurlandi-vestra áhuga á að funda með okkur næsta vor – og að fundarstaður væri í svipaðri fjarlægð frá hvorri heimabyggð. Formanni falið að kanna þetta nánar með formanni Nýdeildar. Ekki varð af sameiginlegum fundi á starfsárinu en málinu vísað til nýrrar stjórnar.

Annar fundur Deltadeildar haldinn í Borgarnesi 25. október 2023. 10 voru mættar auk 9 kvenna úr Lambdadeild sem voru gestir fundarins. Á dagskrá voru tvö erindi, erindi sem sóknarpresturinn í Borgarprestakalli sr. Heiðrún Helga Bjarnadóttir flutti og nefndist “Að mæta fólki í augnhæð”. Þar fjallaði hún um leið sína að prestskap sem var mjög áhugaverð. Síðara erindið flutti Signý Óskarsdóttir verkefnastjóri þróunar í Menntaskóla Borgarfjarðar, sem nefndist “STEAM nám og kennsla”. Mjög áhugaverð erindi og það gaf fundinum sérstakt gildi að fá Lambda konur í heimsókn. Við borðuðum á Landnámsetrinu og þar flutti Jónína Erna Orð til umhugsunar. Þar fjallaði hún um jafnrétti og að konur væru enn að læra ný hugtök eins og þriðju vaktina sem afhjúpuðu ósýnilega vinnu og ábyrgð kvenna á heimilinu. Mikilvægt umhugsunarefni, daginn eftir kvennafrídaginn.

Þriðji fundur Delta deildar var haldinn í Héraðsskólanum í Reykholti í nóvember og mættu átta konur. Þórunn Reykdal var með Orð til umhugsunar sem hún nefndi *Rætur mínar*. Minntist hún þar foreldra sinna. Þórunn Reykdal var einnig með aðalerindi fundarins þar sem hún fjallaði um skáldsöguna Hýbýli vindanna eftir Böðvar Guðmundsson. Erindið var hluti af námskeiði í umsjá Þórunnar sem nefnist Hýbýli vindanna og Lífsins tré – Myndbrot af söguslóðum. Námskeiðið var haldið á Kirkjubóli í Borgarfirði s.l. sumar á vegum Litlu menntabúðinnar. Milli erinda Þórunnar var gert hlé á dagskrá og kvöldverður snæddur á Fosshóteli í Reykholt. Áður en haldið var heim á leið töfraði Þórunn fram ljúffengan eftirrétt.

Í nóvember var lögð fyrir félagskonur könnun um starf Delta Kappa Gamma á Íslandi og deilda. Könnunin var frá stjórn Landssambandsins unnin í samvinnu við framkvæmdaráð.

Fjórði fundur Deltadeildar var haldinn í Bókasafni Akraness - Svöfusal í febrúar 2024. 10 konur mættu á fundinn. Bókasafnið er fyrrum vinnustaður Halldóru formanns, eða til 42

ára. Ingibjörg Júlíusdóttur forstöðumaður bókasafnsins tók á móti hópnum og sagði frá fjölbreyttri starfsemi bókasafnsins en sagði jafnframt starfsfólk þess leita stöðugt leiða til að auka fjölbreytnina og ná til allra íbúa innlendra sem erlendra.

Bókaspjallið var næst á dagskrá og til umfjöllunar voru bækurnar Högni eftir Auði Jónsdóttur og Aksturslag innfæddra eftir Þórdísi Gísladóttur. Orð til umhugsunar var í umsjá Halldóru sem ræddi m.a. um lestur og hæfileikann til að lesa sér til gagns. Nefndi hún niðurstöður Pisa kannana í því sambandi og þörfina á að ná til þeirra barna sem ekki ná grunnfærni í lestri og hjálpa þeim áfram. Sagði hún þá einstaklinga missa af miklu sem ekki ná þeirri færni í lesti að geta gleymt sér við bókalestur. Þá var á fundinum var staðfest skipan í uppstillinganefnd, eða þær Jónína Erna, Elísabet og Valgerður.

Í apríl var haldinn fundur í félagsaðstöðu á Bæjarskrifstofu Akraneskaupstaðar. Þar tók á móti okkur Sólveig Sigurðardóttir deildarstjóri Farsældarþjónustu barna á Akranesi. Hún var áður verkefnastjóri við innleiðingu farsældarlaganna sem eru nýleg lög frá 2021 um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. Erindi Sólveigar nefndist: “Í átt að farsæld allra barna”. Akranes var eitt af fimm fyrstu sveitarfélögunum til að hefja innleiðingu farsældarlaganna. Mikil ánægja var með erindið og góðar umræður á eftir. “Orð til umhugsunar” var í umsjón Ruthar Jörgensdóttur Rauterberg og fjallaði hún um orðið inngilding. Mjög áhugavert og upplýsandi um hugtak sem er lykilhugtak í farsæld og fjölmenningu. Á fundinn mættu 8 konur. Að loknum fundi borðuðum við á Galító.

Halldóra Jónsdóttir formaður Delta deildar 2022-2024.